


Mál málanna á Alþingi.

Farið hægt í námsbóka-útgáfu án z

Rætt við Vilhjálm og Magnús Torfa

MORGUNBLAÐIÐ leitaði í gær umsagnar Vilhjálms Hjálmarssonar menntamálaráðherra og Magnúsar Torfa Ólafssonar á afgreiðslu zetumálsins á alþingi og fara svör þeirra hér á eftir.

Aðspurður svaraði Vilhjálmur því að í sambandi við útgáfu á nýjum námsbókum án z, hefði einungis verið gefið það út sem óhjákvæmilegt hefði verið að prenta til þess að hafa bækur fyrir nemendur, en hins vegar væri það svo að menn flýttu sér hægt í þessum efnum á meðan ríkjandi væri óvissa um framvindu mála.

Hér fer á eftir umsögn menntamálaráðherra um afgreiðslu og stöðu zetumálsins og síðan umsögn Magnúsar Torfa:

„Ég tel skynsamlegast," sagði Vilhjálmur, „að alþingi setji löggjöf um meðferð stafsetningarmála líkt og lagt er til í frumvarpi því sem ég flutti. Mér sýnist hins vegar óráð að alþingi ákveði stafsetningu með löggjöf. (En ef sá háttur yrði upp tekinn þá legg ég til að ritreglur og greinamerkjafræði verði gefin út með alþingistíðindum og hæfileg viðurlög verði sett við brotum á lögum!) Með afgreiðslu zetunnar þykist ég geta ráðið að alþingi muni þrátt fyrir allt, ekki lögfesta stafsetningarreglurnar.

Meirihluti menntamálanefndar neðri deildar afgreiddi frumvarp G.Þ.G. og fleiri án þess að leita umsagnar og deildin samþykkti það eftir næturumræður. Menntamálanefnd efri deildar kallaði 20 málvísindamenn og kennara á sinn fund og ræddi við þá á þriðju klukkustund og síðan var málið afgreitt samhljóða frá nefndinni. Efri deild samþykkti síðan tillögu menntamálanefndar deildarinnar samhljóða en þar var um að ræða tillögu til menntamálaráðherra um að efna til umræðna með málvísindamönnum og móðurmálskennurum um stafsetningu og meðferð þeirra mála.

Þá afgreiðslu efri deildar mun ég leitast við að hafa að leiðarljósi í sumar."

Hér fer á eftir umsögn Magnúsar Torfa Ólafssonar fyrrverandi menntamálaráðherra, en hann var í minnihluta menntamálanefndar neðri deildar þegar málið var til meðferðar þar á síðustu vikum þingsins:

„Ég vil fyrst víkja að því í sambandi við þetta mál að það var hlaupið í það í snatri mjög seint á þingi að afgreiða úr menntamálanefnd neðri deildar frumvarp Gylfa og Sverris og fleiri þingmanna án athugunar á málinu, en athugun hefði verið sjálfsögð og nauð-

Framhald á bls. 20

Eimskip kemur upp bílaryðvarnarstöð

Mragvíslegar framkvæmdir á döfinni á vegum félagsins

EIMSKIPAFÉLAG Íslands vinnur nú að því að koma upp fullkominni ryðvarnarstöð og er vonast til að hún geti tekið til starfa næsta haust.

Það var í fyrra að fram fóru viðræður milli Eimskipafélagsins og bifreiðainnflytjenda um skipulag á innflutningi bifreiða til landsins. Leituðu bifreiðainnflytjendur eftir því að tekin yrðu upp hreinsun og ryðvörn á öllum bifreiðum, sem inn eru fluttar, eins fljótt og kostur væri eftir komu þeirra til Reykjavíkur, þar sem bifreiðarnar standa oft óafgreiddar í nokkurn tíma í vörugeymslum Eimskipafélagsins. Ákvað stjórn félagsins að verða við þessum óskum og koma upp nýtízku ryðvarnarstöð í vörugeymslu félagsins við Borgartún.

Þá kom það fram á aðalfundi Eimskipafélagsins í gær, að verið er að reisa viðbyggingu við skrifstofuhús Eimskipafélagsins að Pósthússtræti 2. Það hús var reist á árunum 1919—21 og var nokkru minna en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir. Nú er félaginu hins vegar þörf á því að fá aukið skrifstofuhúsnæði og þegar borgaryfirvöld veittu leyfi til að byggja við húsið í nóvember sl. var strax hafizt handa. Verður lokið við að steypa upp húsið á þessu ári en verkinu síðan haldið áfram eftir því sem aðstæður leyfa.

Þá er í ráði að Eimskipafélagið hefji að nýju byggingarframkvæmdir við Oddeyrarskála á Akureyri í sumar, en sem kunnugt er varð að hætta þessum framkvæmdum árið 1969 þegar jarðvegurinn undir húsið reyndist vera ótraustur. Síðan hafa margháttaðar rannsóknir verið gerðar á jarðveginum og er nú svo komið að unnt þykir að halda framkvæmdum áfram. Verður verkinu hraðað eins og frekast er kostur.

Framhald á bls. 20

Sólbakstur í Bláfjöllum - og skot skíðafæri

Í SPJALLI við Stefán Kristjánsson íþróttafulltrúa Reykjavíkurborgar í gær kom það fram að aðstaða til skíðaiðkunar í Bláfjöllum er mjög góð um þessar mundir en ekki vel sótt að sama skapi.

„Það er opið þar alla daga vikunnar," sagði Stefán, „frá kl. 1—9 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum, frá kl. 1—10 á þriðjudögum og fimmtudögum og frá kl. 10—6 um helgar.

Snjótroðarinn sér um það að skíðafæri er mjög gott og á góðviðrisdögunum að undanförnu hefur aðstaðan verið hreint frábær og þeir sem eru daglangt í fjöllunum koma sólbakaðir í bæinn að kvöldi. Lyfturnar eru alltaf í gangi á framangreindum tíma, nokkuð af fólki hefur verið þar, en ekkert miðað við það hvað margir koma oft á hrakviðrisdögum. Nú fer það saman eins og bezt verður á kosið, blíðviðri og gott skíðafæri við lyfturnar og við reiknum með að færið haldist næstu vikurnar."

Rútuferðir eru frá Umferðarmiðstöðinni kl. 6 á þriðjudögum og fimmtudögum og til baka um tíuleytið og um helgar eru ferðir í fjöllin kl. 10 f.h. og 13.30 e.h. en til baka síðdegis.

Nýbygging Sundlaugar Vesturbæjar senn í notkun

SUNDLAUGIN í Laugardal var lokuð í gær og í fyrradag vegna nauðsynlegra lagfæringa á mannvirkjum. Í næstu viku verður Sundlaug Vesturbæjar lokað um 2—3 vikna skeið á meðan lagfæringar verða gerðar þar og breytingar í sambandi við nýja búningsklefa og fleira.

Morgunblaðið hafði samband við Stefán Kristjánsson íþróttamálafulltrúa Reykjavíkurborgar og spurði hvers vegna slíkar lokanir væru á þeim tíma sem búast mætti við góðviðrisdögum. Kvað hann viðhald nauðsynlegt á sundlaugarmannvirkjum eins og öðrum mannvirkjum og þá ekki síður vegna þess að sundlaugarnar væru í stöðugri notkun og væri í rauninni gefinn allt of þröngur tími til viðhalds, en jafnframt væri það að til viðgerða þyrfti gott veður og því væri ekki um neitt að velja til þess að hafa aðstöðuna sem bezta úr garði gerða.

„Það fer að líða að því," sagði Stefán, „að loka verður Sundlaug Vesturbæjar vegna breytinga í sambandi við það að nýbyggingin með búningsklefum og margs konar aðstöðu er senn tilbúin til notkunar og það þarf að vinna sitthvað í því sambandi. Við viljum ekki loka fyrr en við vitum að allt fer saman, málun allrar laugarinnar og sú smíðavinna sem þarf að framkvæma í sambandi við breytinguna. Aðstaða er fyrir tæplega 100 gesti í Sundlaug Vesturbæjar, en í nýja húsnæðinu er aðstaða fyrir 340 manns.


Málingarvinnu utan dyra í laugunum er ekki unnt að vinna nema á vorin og t.d. þurfum við auk þess að festa flísar í Laugardalslauginni, skipta um glugga á böðum og sitthvað fleira og þetta er ekki hægt að gera nema loka lauginni. Við höfum þó miðað við að útilaugarnar báðar væru ekki lokaðar um leið. Fólk spyr stundum að því hvers vegna sólardagar séu teknir í þessar framkvæmdir. Málið er að við ráðum ekki sólardögunum þótt fegnir vildum, vinnu þarf að ákveða með nokkurra daga fyrirvara og hluti vinnunnar verður reyndar ekki unninn nema á góðviðrisdögum."

Um 14500 nemendur eru í lokaprófum

950 þreyta stúdentspróf

UM það bil 14500 nemendur á hinum ýmsu lokastigum námskerfisins þreyta nú próf í skólum landsins. Fjölmennastir í þessum hópi eru nemendur 6. bekkjar í barnaskólum en þeir eru um 4900 talsins, 4500 þreyta unglingapróf, 2100 þreyta gagnfræðapróf og um 1900 landspróf. 900—950 munu þreyta stúdentspróf úr 11 skólum á landinu og um 150 háskólaborgarar munu ljúka embættisprófi í júnímánuði, en 132 luku prófi frá Háskóla Íslands s.l. sumar.

Þetta er í síðasta sinn sem landspróf er haft með því fyrirkomulagi sem ríkt hefur um árabil, því næst kemur til framkvæmda grunnskólafyrirkomulagið þar sem landspróf verður lagt fyrir allan 9. bekk á grunnskólastiginu.



Mikil aðsókn hjá Eiríki

MÁLVERKASÝNING Eiríks Smith að Kjarvalsstöðum gengur mjög vel og hefur hún verið fjölsótt. Eiríkur opnaði sýninguna s.l. laugardag og hefur hann selt 40 málverk, en alls eru um 100 verk á sýningunni. Málverkasýningin verður opin til n.k. sunnudagskvölds.

Í stuttu spjalli við Eirík sagði að þessar myndir væru málaðar á undanförnum þremur árum. Kvaðst hann mjög ánægður með undirtektir sýningargesta, sem hann kvað hafa verið sérstaklega góðar.